



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS
Samvinna - þekking - árangur

Sjálfsmatsskýrsla

2021-2022

Birgir Jónsson
gæðastjóri

Mýrargötu 10

740 Fjarðabyggð

Netfang: va@va.is

Heimasíða: www.va.is

Sími 477 1620

Fax: 477 1852



Efnisyfirlit

Inngangur	4
<i>Mat á árangri og gæðum skólastarfs í framhaldsskóla</i>	<i>4</i>
Innra mat í VA og ISO 9001 gæðakerfi	5
Endurgjöf frá nemendum og starfsmönnum	6
<i>Áfangamat.....</i>	<i>6</i>
Svarhlutfall í áfangamati á haustönn 2021	7
Svarhlutfall í áfangamati á vorönn 2022	7
Niðurstöður áfangamats í samanburði við gæðamælikvarða.....	8
Mat á vinnustofukerfi.....	12
<i>Könnun á verknámsvali</i>	<i>13</i>
Árangur og ástundun nemenda	14
<i>Árangur.....</i>	<i>14</i>
<i>Ástundun</i>	<i>15</i>
Útskrift áfanga.....	15
Kennsluáætlanir	16
Framvindumat.....	16
Áfangaskýrslur	17
Einkunnalistar.....	17
Gerð námsmatspátta.....	17
Samantekt	18
Matsáætlun 2022-2023.....	18

Samantekt 21

Inngangur

Verkmenntaskóli Austurlands í Neskaupstað var stofnaður árið 1986. Þróun iðnskólanáms á staðnum má þó rekja aftur til ársins 1943 þegar Iðnskólinn í Neskaupstað tók til starfa.

Sérstaða skólans í dag, endurspeglast ekki síst í því að hann er eini skólinn á Austurlandi sem býður upp á starfsnám og einnig er sérstaða hans fólgin í því að vera í nánnum tengslum við atvinnulífið og hafa boðið uppá atvinnulífstengd námskeið.

Í skólanum eru alla jafna um 300 nemendur. Af þeim stunda um 150 nemendur nám í dagskóla en aðrir stunda fjarnám. Þrátt fyrir ekki fleiri nemendur er afar fjölbreytt námsframboð við skólann en um það má lesa nánar á heimasíðu skólans, va.is, sem jafnframt er skólanámskrá.

Mat á árangri og gæðum skólastarfs í framhaldsskóla

Verkmenntaskóli Austurlands (VA) starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 en þar er kveðið á um hvernig mati og eftirliti með gæðum skuli háttað í framhaldsskólum á Íslandi. Markmið með mati og eftirliti er að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda. Einnig er markmiðið að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla. Jafnframt að stuðla að auknum gæðum náms og skólastarfs, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (40. gr.).

lögnum er kveðið á um (41. gr.) að hver framhaldsskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á og birti opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Er tilgangur skýrslu þessarar að halda til haga upplýsingum um innra mat VA skólaárið 2021-2022.

Innra mat í VA og ISO 9001 gæðakerfi

Frá haustinu 2014 hefur verið unnið að innleiðingu á ISO 9001 gæðakerfi við VA. Hefur þar verið byggt á *Gæðahandbók* Verkmenntaskólans á Akureyri. Vinna við sjálfsmat skólans hefur markast af innleiðingunni frá þeim tíma og á vordögum 2021 var loks það stóra skref stigið að vottun fékkst á kerfið sem staðfesti að allir þættir kerfisins eru komnir í góða virkni.

Gæðakerfið felur í sér þá grunnhugsun að unnið sé að stöðugum umbótum í allri starfsemi skólans enda er slíkt forsenda framþróunar. Í kerfinu er starfsemi skólans lýst. Kerfið felur einnig í sér að unnið sé eftir settum vinnureglum. Er því ætlað að vísa til allra þeirra verka sem framkvæmd eru innan skólans ásamt stjórnskipulagi hans. Með ákveðinni einföldun má setja kröfur ISO 9001 staðalsins fram með eftirfarandi mynd:



Mynd 1: Líkan af vinnulagi ISO staðalsins

Gæðaráð er starfandi við skólann og hefur það unnið að innleiðingunni samhliða innra mati og þeim þáttum sem snúa að gæðakerfinu í heild. Skólaárið 2021-2022 áttu eftirtaldir aðilar sæti í gæðaráði:

- Birgir Jónsson – gæðastjóri
- Hafliði Hinriksson - skólameistari
- Unnur Ása Atladóttir – áfangastjóri
- Sigurborg Hákonardóttir – fjármálastjóri
- Gunnar S. Ólafsson – kennari í náttúrufræðigreinum
- Jón Valgeir Jónsson – kennari í vélstjórnarnámi

Í skýrslunni sem hér fer á eftir er gerð grein fyrir þeim könnunum og úttektum sem gæðaráð skólans stóð fyrir á yfirstandandi skólaári m.a. stöðuna varðandi útskrift áfanga sem er sá þáttur gæðastjórnunarkerfisins sem snýr beint að kennslu, undirbúningi hennar og úrvinnslu og hvernig tekst til við að fylgja skráðum verklagsreglum hvað þetta varðar. Loks er lögð fram matsáætlun komandi skólaárs (2022-2023).

Endurgjöf frá nemendum og starfsmönnum

Áfangamat

Í VA er markvisst unnið að því að bæta gæði skólastarfsins og í síauknum mæli er það gert með hliðsjón af þeim gæðamarkmiðum og kvörðum sem eru hluti af ISO 9001 stjórnunarkerfinu. Til að fylgjast með árangri er m.a. rýnt í niðurstöður úr áfangamati.

Á hverri önn er framkvæmt áfangamat sem veitir kennurum niðurstöður um stöðu sína og gefur nemendum tækifæri til að láta í ljós skoðun sína á kennurum og kennslu í einstaka áföngum í skólanum. Tilgangur matsins er að kanna hvernig til hafi tekist með kennslu með það að markmiði að bæta það sem betur mætti fara. Líkt og undanfarnar annir var áfangamatið framkvæmt í gegnum Innu og var framkvæmdin í höndum gæðastjóra.

Niðurstöður áfangamats voru sem fyrr kynntar kennurum og skólameistara að áfangamati loknu. Einnig fór gæðaráð yfir heildar niðurstöður áfangamats og þær loks kynntar á starfsmannafundi í annarlök.

Samkvæmt verklagsreglu þá skal hver áfangi metinn að jafnaði á 12 – 24 mánaða fresti. Með því að framkvæma áfangamatið í gegnum Innu eru allir áfangar hvern annar settir í mat. Tvær útgáfur eru af áfangamati: áfangamat fyrir dagskóla og dreifnám og áfangamat fyrir fjarnám.

Svarhlutfall í áfangamati á haustönn 2021


Áfangamatið var lagt fyrir um miðja önn, opnaði þann 14. október og lauk 4. nóvember. Niðurstöður voru gerðar aðgengilegar daginn sem matið lokaði. Áfangamatið var sem fyrr segir lagt fyrir í öllum áföngum og í tvennu lagi. Svarhlutfall var 83% í dagskóla/dreifnámi og 48% í fjarnámsáföngum. Samtals 72%.

Í gæðamarkmiðum VA er gert ráð fyrir að svarhlutfall þurfi að vera yfir 70% til að matið sé marktækt. Því er ljóst að matið var marktækt í heildina. Svarhlutfallið var yfir 70% í 69 áföngum þar af var hlutfallið 100% í 23 áföngum. 53% áfanganna skiluðu marktækum niðurstöðum. Meðalsvarhlutfall í áfanga var 68%.

Svarhlutfall í áfangamati á vorönn 2022

Áfangamatið var lagt fyrir um miðja önn, opnaði þann 2. mars, og lauk 1. apríl. Niðurstöður voru gerðar aðgengilegar nokkrum dögum síðar. Áfangamatið var sem fyrr segir lagt fyrir í öllum áföngum og í tvennu lagi. Svarhlutfall var 71% í dagskóla/dreifnámi og 51% í fjarnámsáföngum. Samtals 65%.

Í gæðamarkmiðum VA er gert ráð fyrir að svarhlutfall þurfi að vera yfir 70% til að matið sé marktækt. Því er ljóst að markmiðið náðist ef horft er til dagskóla/dreifnáms. Svarhlutfallið var yfir 70% í 58 áföngum þar af var hlutfallið 100% í 23 áföngum. 49% áfanganna skiluðu marktækum niðurstöðum. Meðalsvarhlutfall í áfanga var 68%.



Mynd 2: Svarhlutfall áfangamats eftir öðrum.

Á Mynd 2 má sjá samanburð á svarhlutfalli í áfangamati fyrir síðustu annir. Hlutfallið sveiflast nokkuð á milli anna og fór mikið niður á við haustið 2018 þegar matið var fært yfir í Innu en hefur aðeins tekið við sér eftir það með einstaka frávikum.

Niðurstöður áfangamats í samanburði við gæðamælikvarða

Eitt þeirra gæðamarkmiða sem sett hefur verið í VA er mælt í áfangamatinu, er það svohljóðandi:


- Að nemendur séu ánægðir með kennslu og aðstöðu til náms í skólanum.

Mælikvarðarnir gagnvart þessu markmiði eru tveir:


- Á heildina litið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum.
- Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum er viðunandi.

Markmiðið er að 80% nemenda taki afstöðuna frekar sammála eða mjög sammála gagnvart þessum fullyrðingum.

Eins og má sjá á *Mynd 3* þá náðist gæðamarkmiðið á hvorugri önninni þótt það hafi verið ívið betra á vorönn.



Mynd 3: Niðurstöður áfangamats sl. átta anna – Ánægja með kennslu




Mynd 4: Niðurstöður áfangamats sl. átta anna – Náms- og kennslubúnaður í áföngum

Þegar að seinna markmiðinu kemur má sjá að markmiðið náðist á haustönninni en ekki á vorönninni.

Annað gæðamarkmið tekur á því hvort nemendum líði vel í skólanum og hafi áhuga á náminu. Mælikvarðiinn sem notaður er, er Skólapúlsinn sem er lagður fyrir árlega og nú var

hann lagður fyrir á vorönn. Þar eru nýttir þættirnir Samsömun við nemendahópinn, námsáhugi og vellíðan. Niðurstöður úr mælingum fyrir vorönn 2022 fara hér á eftir þótt á myndunum standi að mælingarnar séu fyrir árið 2021.

Á Mynd 5 má sjá hvernig samsömun hefur þróast í síðustu könnunum en þess ber að geta að Skólapúlsinn var ekki lagður fyrir nema annað hvert og jafnvel þriðja hvert ár en nú er hann orðinn fastur á hverju ári. Markmiðið er að skólinn sé fyrir ofan meðaltal annarra skóla sem er í flestum tilvikum um 4,5.




Mynd 5: Samsömun við nemendahópinn – Skólapúlsinn 2013-2022

Ljóst er að markmiðið næst enda er niðurstaðan fyrir ofan markmiðið og hefur tekið kipp síðustu ár. Varðandi hinn þáttinn, námsáhuga þá má sjá á *Mynd 6* að námsáhuginn fer aðeins

niður á við en er töluvert fyrir ofan markmiðið (4,5).


2.1. Námsáhugi – Ársmeðaltöl



Mynd 6: Námsáhugi – Skólalúpsinn 2014-2022

Þriðji þátturinn sem er skoðaður en vellíðan. Eins og sjá má á *Mynd 7* hefur það haldið áfram upp á við og nær aftur markmiðinu (4,5). Eru þessar niðurstöður áhugaverðar þar sem Covid-19 hefur leikið skólastarfið grátt síðustu tvö ár.


3.1. Vellíðan – Ársmeðaltöl




Mynd 7: Vellíðan – Skólalúpsinn 2013-2022

Mat á vinnustofukerfi

Í lok haustannar 2020 var tekin sú ákvörðun að prófa að taka upp svokallað vinnustofukerfi í skólanum. Þá voru 25% af kennslustundum í hefðbundnum kennslustundum eða svokölluðum áfangatímum og 75% í svokölluðum vinnustofum. Var sú ákvörðun tekin til þess að skólinn yrði betur í stakk búinn að mæta skyndilegum breytingum á sóttvarnaráðstöfunum vegna COVID-19. Með því að taka upp vinnustofukerfi myndi tvennt ávinnast, nemendur gætu stundað nám sitt í skólanum að mestu þótt reglur yrðu hertar og að fækka árekstrum í stundatöflum. Var kerfið mótað í samráði við kennara og nemendur og hófst vinna í því í upphafi vorannar 2021. Síðustu annir hafa vankantar verið sniðnir að kerfinu, breytt og bætt og breytingarnar síðan metnar á hverri önn. Nemendur svöruðu spurningunum um kerfið í áfangamatinu og svöruðu kennarar sömu spurningu stuttu síðar. Á myndum 8 og 9 má sjá niðurstöðuna úr þeirri spurningu. Ákveðið var að halda áfram með það kerfi sem var á vorönn 2022.



Mynd 8: Hvernig finnst þér nýja vinnustofukerfið nýtast. Nemendur – Kennarar haustönn 2021




Mynd 9: Hvernig finnst þér nýja vinnustofukerfið nýttast. Nemendur – Kennarar vorönn 2022.

Könnun á verknámsvali

Á haustönninni var ráðist í verkefnið *Verklegt val* þar sem nemendur í 9. og 10. bekk völdu sér verkgreinar í VA. Völdu nemendur tvær greinar sem þeir vildu helst og fengu allir nemendur þær greinar sem þeir vildu. Nemendur komu síðan í skólann á fimmtudögum yfir átta vikna tímabil. Á hverjum fimmtudegi sóttu þeir tvær kennslustundir í hvorri grein. Þegar 10. bekkur hafði lokið við sínar átta vikur tóku nemendur í 9. bekk við en ekki náðist að klára það að fullu vegna stöðu Covid-19 í sveitarfélaginu. Verður það bætt nemendum upp síðar. Þegar 10. bekkur hafði lokið sinni veru var send könnun á nemendur og forsjáraðila þeirra þar sem spurt var út í verkefnið. Ein spurninganna var hvort nemendur væru ánægðir með verknámsvalið. Þar voru 84,8% svarenda ánægðir eða mjög ánægðir með verknámsvalið.

Hversu ánægð/ur varstu með verknámsvalið?

59 svör



Mynd 10. Hversu ánægð/ur varstu með verknámsvalið?

Árangur og ástundun nemenda

Eins og fyrr hefur komið fram er búið að skilgreina gæðamarkmið og mælikvarða og komu í kjölfarið á þeirri vinnu mælingar á ástundun og árangri nemenda inn í sjálfsmatsskýrslur skólans en þessir mælikvarðar komu fyrst inn í sjálfsmatsskýrslu 2017 – 2018.

Árangur

Hvað árangur nemenda varðar er gæðamarkmiðið skilgreint með eftirfarandi hætti:

- Að nemendur nái sem bestum árangri í námi sínu á hverri önn, bæði bóklegu og verklegu.

Mælikvarðarnir felast í meðaleinkunn nemenda og hlutfalli falla (einkunn undir 5,0) í öllum áföngum. Hvað meðaleinkunn varðar er markmiðið ≥ 6 og gagnvart falli $\leq 17\%$.

Meðaleinkunn nemenda skólaárið 2021-2022 var 6,6. Nokkur munur mældist á milli anna en meðaleinkunn á haustönn var 6,31 en á vorönn 6,89. Niðurstaða skólaársins nær því gæðamarkmiði skólans. Á skólaárinu 2021-2022 var fallprósenta 22,3% sem er töluvert fyrir ofan markmiðið. Á haustönn var hlutfallið 26,3% en á vorönn 18,2%. Enn hefur smæð skólans þau áhrif að talsverðar sveiflur eru í niðurstöðum mælinga og því er mikilvægt að horfa á niðurstöður til lengri tíma þegar metið er hvort gæðamarkmiðið hafi náðst.

Ástundun

Hvað ástundun varðar er gæðamarkmiðið skilgreint með eftirfarandi hætti:

- Að bæta ástundun og minnka hlutfall þeirra nemenda sem hverfa frá námi á hverri önn.

Mælikvarðarnir felast í mætingarhlutfalli og brottfallshlutfalli. Hvað mætingarhlutfall varðar er markmiðið 90% en fyrir brottfall $\leq 3\%$. Mennta- og menningarmálaráðuneyti reiknar út árlegt brottfall nýnema, þ.e. hversu hátt hlutfall nýnema innritast á annað ár framhaldsskólans. Þar sem útreikningar brottfalls eru af ýmsum toga verður hér notast við þessar niðurstöður ráðuneytisins þar sem þær eru helst samanburðarhæfar við aðra framhaldsskóla. Það þýðir að í þessari skýrslu eru brottfallstölur fyrir skólaárið 2020-2021. Á því ári var brottfall nýnema í VA 14,4% en það hafði verið 6,7% þar á undan. Skólaárið 2021-2022 var mætingarhlutfall 79,5% en afar misjafnt á milli anna (H21 = 82,8% og V21 = 76,1%).

Útskrift áfanga

Útskrift áfanga er veigamikill þáttur í gæðastjórnunarkerfinu. Til þess að áfangar teljist útskrifaðir þurfa eftirfarandi þættir að vera til staðar:

1. Kennsluáætlun skal skila til áfangastjóra sem rýnir hana. Eftir samþykki er áætlunin undirrituð af áfangastjóra og kennara og sett á kennsluvef í upphafi annar.
2. Framvinda kennslunnar skal metin um miðja önn.
3. Í öllum áföngum skal unnið eftir verklagsreglum um gerð og rýningu námsmatsþátta.
4. Áfangaskýrslu skal skila í lok annar ásamt upplýsingum um varðveislu námsgagna og sundurliðun einkunna.

Í upphafi voru þessir þættir fleiri en þeim hefur fækkað annars vegar við það að gátlistar hafa verið sameinaðir til hagræðingar og aukinnar skilvirkni. Hins vegar hafa listar verið felldir niður hafi þeir ekki þótt skila þeim tilgangi sem upphaflega var ætlast til. Almenna reglan er sú að allir áfangar eiga að útskrifast. Eitt og annað getur þó komið upp á skólastarfinu sem kemur í veg fyrir að hægt sé að uppfylla kröfur til slíkrar útskriftar. Í þeim tilfellum er afar mikilvægt að rýna hvað það er sem kemur í veg fyrir útskriftina með það að markmiði að gera

betur og hækka hlutfall útskrifaðra áfanga. Áfangar á starfsbraut eru undanþegnir útskrift áfanga.

Á haustönn 2021 var hlutfall útskrifaðra áfanga 99% og á vorönn 2022 var hlutfallið 97%.

Kennsluáætlanir

Kennsluáætlunum skal skilað við upphaf annar fyrir alla kennda áfanga. Áður var það svo að þeim var skilað til áfangastjóra en með breyttu skipulagi er þeim nú skilað til gæðastjóra, þær rýndar og svo skilað undirrituðum af kennara og gæðastjóra inn á kennsluvef að rýningu lokinni. Þar skal koma fram áfangalýsing og markmið, yfirferðaáætlun, námsefni, tímasetningar verkefnaskila og hlutaprófa og námsmat. Skýr viðmið eru fyrir vægi matsþátta í námsmati eftir því hvort um er að ræða símats- eða lokaprófsáfanga og koma þau fram í sniðmáti fyrir kennsluáætlun.

Skil kennsluáætlana til gæðastjóra skólaárið 2021-2022:

- Haustönn 2021 – 100%
- Vorönn 2022 – 97%

Framvindumat

Framvindumat er framkvæmt einu sinni á hvorri önn. Felst matið í því að deildarstjórar hitta kennara deildar og fara með þeim yfir framvindu kennslunnar í hverjum áfanga. Þar sem enginn deildarstjóri er í bóknámi fór gæðastjóri yfir stöðuna með kennurum þar. Einnig fór gæðastjóri yfir framvindumat deilda með hverjum deildarstjóra. Niðurstöður framvindumats voru síðan teknar fyrir á fundi gæðaráðs 19. Október fyrir haustönn og 11. mars fyrir vorönn og þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til vinnslu eftir því sem þörf var á.

Allir áfangar sem kenndir voru fóru í gegnum framvindumat með þeirri undantekningu að áfangar í rafdeild sem kenndir voru hluta úr önn fóru ekki í framvindumat heldur voru þeir metnir sérstaklega.

Áfangaskýrslur

Í lok hverrar annar skila kennarar áfangaskýrslum þar sem niðurstaða áfanga er staðfest. Jafnframt skila þeir sundurliðuðum einkunnum með áfangaskýrslunni. Í skýrslunum gefa þeir upplýsingar um kennslu og yfirferð, hvað megi bæta, dreifingu einkunna og varðveislu námsmatsgagna. Athugasemdir áfangaskýrslna eru færðar á *GÁT-018* sem er vistað í rafrænni málaskrá skólans. Alls voru **31** atriði færð þangað, **16** á haustönn og **15** á vorönn, þar af voru **16** vegna hárrar fallprósentu í áfanga, **3** á haustönn en **13** á vorönn en en á síðasta skólaári var upp verklagið að skoða málið ef fall væri yfir 35%. Sérstakur gátlisti er notaður í það og fundað er með þeim kennurum sem hlut eiga að máli varðandi það hvað hægt sé að gera.

Skil á áfangaskýrslum á skólaárinu 2021-2022 voru með eftirfarandi hætti:

- Haustönn 2021 – 100%
- Vorönn 2022 – 99%

Einkunnalistar

Einkunnalistum skal skilað með áfangaskýrslum. Í listunum eiga að vera sundurliðaðar einkunnir allra nemenda í áfanganum. Skil á einkunnalistum á skólaárinu 2021-2022 voru með eftirfarandi hætti:

- Haustönn 2021 – 100%
- Vorönn 2022 – 99%

Gerð námsmatsþátta

Gátlistum skal skila um gerð námsmatsþátta, hvort sem um er að ræða lokaprófsáfanga, lokaverkefnisáfanga eða símatsáfanga. Með skilum á gátlistanum staðfestir kennari að lokapróf, lokaverkefni eða stærsti símatsþátturinn hafi verið skoðaðir með tilliti til ýmissa faglegra þátta og einnig kemur fram hvort hljóðskrár fylgi með prófi þegar um lokaprófsáfanga er að ræða. Aðstoðarskólameistari og deildarstjóri eða samkennari rýnir

lokapróf en þegar um lokaverkefni eða símat er að ræða eru matsþættir rýndir af samkennurum eða deildarstjórum. Skil á gátlistum um gerð námsmatsþátta á skólaárinu 2021-2022 voru með eftirfarandi hætti:

- Haustönn 2021 – 100%
- Vorönn 2022 – 99%

Samantekt

Á heildina litið gengur ferlið sem lýkur með útskrift áfanga mjög vel. Kennarar eru búnir að setja sig vel inn í það og virkar það vel sem aðhald með kennslunni og veitir mikilvægar upplýsingar um gæði og gang náms og kennslu. Þó þarf að tryggja að kennarar sem fengir eru í stundakennslu undirgangist kröfur kerfisins.

Matsáætlun 2022-2023


Hér má sjá matsáætlun VA fyrir skólaárið 2022-2023. Ákveðnir þættir eru fast settir og eru þeir hluti af sjálfsmati skólans ár hvert. Aðrir þættir geta komið tilfallandi inn, s.s. ýmsar þjónustukannanir. Um flesta þættina gilda ákveðnar verklagsreglur og gátlistar sem vísað er í hér fyrir neðan. Matsáætlunin sjálf er unnin samkvæmt VKL-106 og GÁT-028.

Nr.	Heiti	Skjöl	Mánuður														Ábyrgð
			8	9	10	11	12	1	2	3	4	5	6	7			
1	Áfangamat Könnun meðal nemenda um kennslu, skipulag, samstarf og vinnu í einstökum áföngum og út frá ákveðnum kennurum.	VKL-402, VKL-301			X						X						Gæðastjóri
2	Rýnihópur nemenda Rýnihópur nemenda verður settur saman þar sem rýnt verður enn frekar í nám, kennslu, samstarf, skólabrag o.s.frv.					X						X					Gæðastjóri

3	Starfsmannasamtöl Skólameistari á formlegt samtal við starfsmann á hverju ári. Í samtalinu eru greindir þættir sem kennaranum finnst ganga vel með og hins vegar þeir þættir sem kennarinn vill bæta sig í. Rætt er um starfsþróun og markmiðssetning sett fram til framtíðar. Niðurstöður úr áfangamati eru ræddar.	VKL-206, LSM-003, LSM-004, GÁT-010, GÁT-011			X	X	X			X	X	X	X					Skólameistari
4	Þjónustukönnun Skrifstofa, mótuneyti o.fl.												X					Gæðaráð Skólameistari
5	Starfsmannakönnun Könnun meðal starfsmanna VA um starfsaðstöðu, stjórnendur, samstarf, vellíðan á vinnustað og fl. Framkvæmt með þátttöku í Stofnun ársins (svarhlutfall þarf að vera að lágmarki 35% til að stofnun nái inn á listann stofnun ársins) og með starfsánægjumælingum HR Monitor sem lagðar eru fyrir í hverjum mánuði meðan kennsla varir.		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X					Gæðaráð Skólameistari
6	Framkvæmd kennslu Sjálfsmat kennara á framkvæmd kennslu: a) á miðri önn – framvindumat. b) í lok annar – áfangaskýrsla kennara.	VKL-106, GÁT-020 GÁT-013			X		X			X		X						Allir kennarar Gæðastjóri Áfangastjóri
7	Árangur og ástundun nemenda Í annarlok er ástundun og árangur nemenda skoðaður út frá mætingarhlutfalli, brottfalli, meðaleinkunn og fallhlutfalli.	STS-007					X						X					Gæðastjóri
8	Rýni á kennsluáætlunum Allar kennsluáætlanir eru rýndar út frá markmiðum viðkomandi áfanga, vinnuskipulagi, auðlindum, aðbúnaði og námsmati.	GÁT-045	X						X									Allir kennarar Gæðastjóri
9	Mat á námsþáttum Allir námsþættir skólans skulu rýndir. Öll próf skólans rýnd áður en þau eru lögð fyrir út frá samræmdu útliti, fjölbreytileika í prófa- og spurningagerð.	VKL-306, VKL-307, GÁT-037	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X						Allir kennarar Áfangastjóri Gæðastjóri

Samantekt

Á þessari skýrslu má sjá að skólinn hefur haldið áfram vinnu innan vottaðs gæðakerfis sem hefur skapað afar góðan ramma í kringum skólstarfið. Vottunin var staðfesting á því mikla starfi sem hefur farið fram undanfarin ár. Þrátt fyrir breytingar innan stjórnendateymis og áhrif Covid-19 faraldursins hefur tekist að halda áfram á sömu braut við að þróa og bæta kerfið. Mun sú vinna halda áfram jafnt og þétt enda miðar kerfið að sífeldum umbótum.



Birgir Jónsson

gæðastjóri